

Íslenska 8. bekkur

Málfræði

Markmið:

Að nemandi:

- kunni íslenska stafrófið
- geti skipt orðum í atkvæði
- þekki sérhljóð og samhljóð
- kunni röð fallanna
- viti hver aukaföllin eru
- kunni að fletta upp í orðabók
- viti hver kenniföll nafnorða eru
- þekki mun á fallorðum sagnorðum og óbeygjanlegum orðum
- geti skipt orðum í atkvæði
- geti fallbeygt nafnorð með og án greinis
- þekki greininn og geti fallbeygt hann
- geti fallbeygt lýsingarorð
- þekki reglulega og óreglulega stigbreytingu lýsingarorða
- þekki sambeygingu og tengsl hennar við kyn, tölu og fall
- þekki muninn á sérnöfnum og samnöfnum
- þekki muninn á hlutstæðum og óhlutstæðum nafnorðum
- átti sig á sterkri og veikri beygingu nafnorða og lýsingarorða
- viti hvernig eignarfall eintölu sýnir beygingu nafnorða
- viti hvernig raðtölur eru táknaðar sem tölustafir
- þekki fornöfnin og átti sig á tilgangi þeirra
- geti fallbeygt fornöfnin
- geti fundið fornöfn í texta
- þekki beygingaratriði fornafna
- kunni vísuna um óákveðnu fornöfnin
- þekki sagnorð
- kunni að setja sagnor í nt. og þt.
- viti hvað nafnháttarmerki er
- kunni sterka og veika beygingu sagnorða
- geti beygt sagnorð í kennimyndum
- þekki boðhátt og nafnhátt sagnorða
- geti fundið stofn sagnorða
- þekki hvað greinir óbeygjanleg orð frá öðrum orðum
- þekki einkenni forsetninga
- viti að forsetningar standa með fallorði í aukafalli

- geti fundið forsetningar í texta
- þekki nokkrar algengar forsetningar
- þekki mun á víðtækum og sértækum orðum
- þekki einkenni samtenginga
- geti fundið samtengingar í texta
- þekki mun á tvíhljóða og einhljóða
- viti að upphrópanir sýna tilfinningar
- þekki nokkur algeng atviksorð
- viti að orðin hvar, hvenær, hvernig og hvert lýsa notkun atviksorða
- vitað að atviksorð lýsa sagnorðum, lýsingarorðum og öðrum atviksorðum
- geti fundið stofn sagnorða, nafnorða og lýsingarorða
- viti að stofn orða helst óbreyttur í öllum beygingum
- viti hvað orhlutarnir heita
- geti skipt einföldum orðum í orðhluta
- viti hvernig stofn nafnorða, lýsingarorða og sagnorða er fundin
- geti nýtt sér stofn orða til að rita rétt

Stafsetning

Markmið:

Að nemandi:

- kunni að setja stóran og lítinn staf á rétta staði
- kunni sk regluna
- geti beitt reglum til að finna n- fjölda í karlkyns og kvenkyns nafnorðum
- geti beitt minn og mín reglunni til að finna n-fjölda í greini
- kunni n og nn reglur fornafna, lýsingarorða og nafnorða
- geti nýtt sér stofn sagnorða til að forðast stafavíxl
- kunni regluna um hvenær j er ritað
- þekki helstu y-reglur
- viti hvað grannur og breiður sérhljóði er
- þekki regluna um stóran og lítinn staf í viðurnefnum

Ritun

Markmið:

Að nemandi:

- þekki hugtökin setning, málsgrein og efnisgrein
- þekki helstu greinarmerki
- átti sig á mikilvægi ritunarferlisins
- átti sig á að til eru margvísleg tengiorð til að nýta í upptalningu í ritun
- geti sett upp bréf á hefðbundinn hátt

Bókmenntir

Markmið:

Að nemandi:

- skilji bókmenntahugtökin innri tími, ytri tími, umhverfi og ris
- átti sig á hvers kyns goðsögur eru
- geti túlkað goðsögur í máli og myndum
- þekki einkenni ævintýra, þjóðsagna og draugasagna
- hafi lesið Íslendingasögu og geti tjáð sig um hana
- kynni sér smásögur og helstu einkenni þeirra
- læri að greina aðalpersónur frá aukapersónum
- geti myndað sér skoðun á sögu og rökstutt hana
- þjálfí lestur og lesskilning
- þekki nokkrar tengundir myndmáls og geti greint það í texta
- geti greint ljóðstafi
- viti mun á hefðbundnu ljóði og óhefðbundnu ljóði
- geti greint endarím ljóða
- geti túlkað ljóð

Kennsluhættir

Unnið er í lotum og er námsefni vetrarins skipt niður í 8 þriggja vikna lotur sem hver hefur sínar áherslur. Í byrjun hverrar lotur eru innlagnartímar þar sem kennari fer yfir markmið lotunnar og skýrir út aðalatriðin. Eftir það vinna nemendur sjálfstætt og á sínum hraða verkefni lotunnar með aðstoð kennara. Heimavinna fer eftir hversu nemandinn afkastar í kennslustundum. Í bókmenntum eru lesnar tvær skáldsögur auk kjörbóka, smásögur og greinar. Einnig er lesin Íslendingasaga, þjóðsögur, ævintýri og goðsögur. Í verkefnavinnu er unnið með ritanir og endursagnir úr lesnu og ólesnu efni. Einnig eru gerðir útdrættir og að auki er unnið með ljóðahugtök, ljóð lesin og ort. Bókmenntaritgerð og bókarkynningar eru unnar í tengslum við lestur skáldsagna. Nemendur leita heimilda á Netinu. Í ritun er lögð áhersla á að nemendur geti byggt upp sjálfstæða frásögn, sagt frá persónulegri reynslu og rökstutt skoðanir. Nemendur eru þjálfaðir í töluðu máli með upplestri á sögum, ljóðum og öðru efni sem þeir semja sjálfir. Lögð er áhersla á að nemendur skili verkefnum vel rituðum og frágengnum. Í málfræði er unnið með grundvallaratriði og grunnur lagður að færni nemenda í beygingafræði orðflokka. Sérstök áhersla er lögð á beygingu fallorða og skilning á einkennum helstu orðflokka, orðflokkgreiningu. Reynt er að tengja málfræðireglur stafsetningunni og mikið unnið af málfræði- og stafsetningaræfingum. Málarsverkefni eru í hverri lotu.

Námsefni

Skerpa 1, 8 lotubundin vinnuhefti. Málfinnur. Skrifinnur. Mályrkja I, lestrarbók. Hrafnkels saga Freysgoða. Tvær kjörbækur. Ljóðspeglar. Námsfni af vef. Upprifjunarhefti og ljósrit frá kennara.

Námsmat

Unnið er í lotum. Nemendur skila öllum verkefnum í lok lotu og taka próf. Einkunn hverrar lotu er meðaltal verkefna og prófs. Hver nemandi er með sína viðmiðunartölu og þarf að ná henni. Takist það ekki, endurtekur hann prófið. Að lokinni upprifjun að vori er prófað úr námsfni alls vetrarins. Símat er notað til að fylgjast með stöðu nemenda. Metið er á þriggja vikna fresti.

Metin eru: verkefni, vinna og vinnubrögð, ástundun og þekking.

Stærðfræði 8.bekkur

Markmið:

Tölur og reikningur (lota 1, 5 og 6 : tölur, almenn brot, prósentur)

Að nemandi

- Nota sätiskerfisirithátt og sýnt að hann skilur þær reglur sem gilda um hann
- Gefið dæmi um mismunandi framsetningu hlutfalla og brota, skýrt sambandið á milli almennra brota, tugabrota og prósentu
- Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum
- Tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir við reikning með ræðum tölum sem byggja á eigin skilningi, nýtt vasareikni og tölvur í þeim tilgangi
- Notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum
- Nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað þá þekkingu við útreikninga og mat á þeim

Rúmfræði - (Lota 2, 3 og 8: rúmfræði, hópavinna og hringurinn)

Að nemandi

- Notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar þar með talin hugtök um stærðarhlutföll, innbyrðis afstöðu lína, færslur og fræðilega eiginleika tví- og þrívíðra forma
- Teiknað skýringarmyndir og unnið með teikningar annarra út frá gefnum forsendum, rannsakað, lýst og metið samband milli hlutar og teikningar af honum
- Mælt ummál, flöt og rými, reiknað stærð þeirra og útskýrt hvað felst í mælihugtakinu
- Túlkað jöfnur í hnitakerfi og notað teikningar í hnitakerfi til að leysa þær

- Sett fram og notað mismundani framsetningu sama fyrirbæris hvort sem um er að ræða hlutbundna, myndræna, munnlega eða algebrulega framsetningu eða með töflu og grafi
- Tjáð sig um stærðfræðileg efni munnlega, skriflega og myndrænt, af nákvæmni og túlkað framsetningu annarra á stærðfræðilegu efni
- Valið og notað margvísleg verkfæri, þar með talið tölvutækni, gert sér grein fyrir möguleikum þeirra og takmörkunum, notað þau markvisst til að rannsaka stærðfræðileg efni og setja fram niðurstöður sínar
- Rannsakað, sett fram á skipulegan hátt og rökrætt með það að markmiði að alhæfa um stærðfræðileg efni
- Undirbúið og flutt munnlegar kynningar og skrifað texta um eigin vinnu með stærðfræði, m.a. með því að nota upplýsingatækni
- Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stórra og smárra stærðfræðiverkefna og gefið öðrum viðbrögð, m.a. með því að spyrja markvisst
- Sett upp, túlkað og gagnrýnt stærðfræðilegt líkan af raunverulegum aðstæðum. Það getur m.a. falið í sér reikning, teikningar, myndrit, jöfnur og föll

Algebra – (lota 4: stæður og jöfnur)

Að nemandi

- Unnið með talnarunur og rúmfræðimynstur til að rannsaka, koma skipulagi á og alhæfa um það á táknmáli algebrunnar og sett fram stæður með breytistærðum
- Leyst jöfnur og einfaldara ójöfnur, leyst saman jöfnur með einni óþekktri stærð
- Lesið úr táknmáli stærðfræðinnar, notað það á merkingarbæran hátt, t.d. þýtt af daglegu máli yfir á táknmál stærðfræðinnar og skilið þær leikreglur sem gilda um meðferð þess

Tölfræði og líkindi –(7: líkindi og tölfræði)

Að nemandi

- Notað tölfræðihugtök til að setja fram, lýsa, skýra og túlka gögn
- Framkvæmt tilraunir þar sem líkur og tilviljun koma við sögu og túlkað niðurstöður sínar
- Tekið þátt í að þróa skipulega fjölbreyttar lausnarleiðir, m.a. með notkun upplýsingatækni
- Lesið stærðfræðilegan texta, skilið og tekið afstöðu til upplýsinga sem settar eru fram á táknmáli stærðfræðinnar

Kennsluhættir

Nemendur vinna í þriggja vikna lotum. Í hverri lotu er tekist á við eitt megið þema. Eftir hverja lotu skila nemendur verkefnabók og taka próf úr lotunni eða vinna hópverkefni.

Nemendur vinna sjálfstætt en geta líka hjálpast að. Innlagnir fara að mestu leyti fram á netinu þar sem nemendur geta sótt sér innlögn sem hentar hverju sinni. Heimanám fer eftir vinnuhraða og getu hvers og eins.

Námsefni

Almenn stærðfræði I, Vinkill 1, Átta/Tíu bók 1 og Mælingar um víða veröld

Námsmat

Námsmat lota (70%): Lotupróf (50%), verkefnabók(25%) og vinnusemi (25%).
Samantektarpróf gildir 30% af lokamati.

Enska 8. bekkur

Markmið

Hlustun

Að nemandi geti

- skilið talað mál um efni sem varðar han sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf þegar talað er skýrt og áheyrilega
- fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglunga og greint frá því helsta
- skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti

Lesskilningur

Að nemandi geti

- lesið sér til gagns og ánægju auðlesna texta af ýmsum gerðum um daglegt líf og áhugamál sem innihalda algengan orðaforða og beitt mismunandi lestraraðferðum eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum
- skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra
- fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu
- lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög

Samskipti

Að nemandi geti

- sýnt fram á að hann er nokkuð vel samræðuhæfur um efni sem hann þekkir vel, beitir máli, framburði, áherslum og hrynjandi af nokkru öryggi, skilur og notar algengustu orðasambönd daglegs máls og viðeigandi kurteisisvenjur og kann aðferðir til að gera sig skiljanlegan, t.d. með látbragði
- tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf
- bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum
- notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal

Frásögn

Að nemandi geti

- tjáð sig um það sem viðkemur daglegu lífi hans og því sem stendur honum nærri á vel skiljanlegu máli hvað varðar málnotkun, framburð, áherslur og orðaval
- sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum
- greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv.
- flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra

Ritun

Að nemandi geti

- skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir, beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt, sýnt fram á allgóð tök á daglegum orðaforða og orðaforða sem unnið hefur verið með, skapað samhengi í textanum og notað til þess algengustu tengiorð og greinarmerki
- lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi
- skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst
- samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín

Menningarlæsi

Að nemandi geti

- sýnt fram á að hann kann skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi, s.s. fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum og áttað sig á hvað er líkt eða ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu
- sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðhátta og þekktra staða

- sýnt fram á að hann þekkir til þátta sem einkenna barna- og unglingamenningu viðkomandi málsvæðis, s.s. söguhetja barnabóka, leikja, söngva og ævintýra
- sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir

Námshæfni

Að nemandi geti

- sett sér einföld markmið og lagt mat á námsframvindu með stuðningi frá kennara ef með þarf
- beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki
- tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu
- tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja
- nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar

Kennsluhættir

- *Hlustun:* Hlustunarverkefni úr Spotlight 8 og valið efni úr World Wide English.
- *Lesskilningur:* Lestextar í Spotlight 8 og efni frá kennara
- *Samskipti:* Samræðuverkefni í Spotlight 8 og önnur verkefni frá kennara
- *Frásögn:* Verkefni í Spotlight 8 og kynningar.
- *Ritun:* Verkefni í Spotlight 8 og skilaverkefni.
- *Menningarlæsi:* Kaflar í Spotlight 8 og valið efni úr World Wide English.
- *Námshæfni:* Fjölbreytt verkefni sem reyna m.a. á frumkvæði og samvinnu.

Námsefni

- Spotlight 8 sem samanstendur af lesbók, vinnubók og hlustunarefni.
- Ýmislegt annað efni frá kennara.

Námsmat

Á haustönn eru fjögur kaflapróf, 1 skilaverkefni, hlustunarpróf og próf í málfræði. Á vorönn eru fjögur kaflapróf, 2 skilaverkefni, hlustunarpróf og próf í málfræði. Einnig er gefið fyrir frammistöðu og virkni, sem og vinnubækur nemenda. Í lokaeinkunn gildir einkunn haustannar 50% og einkunn vorannar 50%.

Heimavinna

Heimavinna tengist að öllu jöfnu skilaverkefnum nemenda. Ef þeir hins vegar ná ekki að klára þau verkefni í vinnubók sem sett eru fyrir í vikuáætlun þurfa þeir að vinna það upp heima.

Tímafjöldi

Kennt er þrisvar í viku, tvisvar sinnum í 60 mínútur og einu sinni í 45 mínútur

Danska 8. bekkur

Hæfniviðmið

Hlustun

Að nemandi:

- skilji talað mál um efni er varðar hann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf.
- geti fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og geti sagt frá eða unnið úr því á annan hátt.
- geti hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum við kunnulegar aðstæður.

Lesskilningur

Að nemandi:

- geti lesið sér til gagns og ánægju auðlesna texta af ýmsum gerðum um daglegt líf og áhugamál sem innihalda algengan orðaforða.
- Skilji megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra.
- Geti fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.

Samskipti

Að nemandi:

- geti tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.
- geti bjargað sér við algengar aðstæður, t.d í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum.
- notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.

Frásögn

Að nemandi:

- geti sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum.
- geti greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv.
- geti flutt einfalda undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu.

Ritun

Að nemandi

- geti skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d gátlista og fyrirmynda.
- geti sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt
- geti lýst atburðarrás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða og eftirvæntingu.
- Geti samið texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín.

Menningarläsi

Að nemandi

- geti sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og geti borið saman við eigin menningu.

Námshæfni

Að nemandi

- geti sett sér nokkuð raunhæf markmið, gert sér nokkra grein fyrir hvar hann stendur í náminu og beitt aðferðum til þess að skipuleggja sig.
- geti tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitsemi.
- geti nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.

Kennsluhættir

Dönskukennslan miðast við að auka orðaforða hjá nemendum með hlustun, lestri, töluðu máli og ritun. Leitast er við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta til að vekja áhuga á danskri menningu og siðum. Verkefni eru unnin í einstaklings- og í hópavinnu.

Hlustun: Nemendur vinna hlustunarverkefni í vinnubókunum, Einnig er hlustað á tónlist og horft á kvikmyndir á dönsku. Fjölbreytt verkefni eru unnin út frá því.

Lestur: Nemendur lesa mismunandi texta úr lesbókinni Tænk og einnig eru lesnir textar af netmiðlum.

Talað mál: Munnlegar æfingar, samtalsæfingar og leikir í tímum.

Ritun: Unnið er í vinnubókinni Tænk og nemendur glósa úr textabókinni. Einnig vinna nemendur ýmis ritunarverkefni eins og póstkort og ýmsar frásagnir.

Námsefni

Lesbókin Tænk, vinnubækurnar Tænk A og B og hlustunarefni úr Tænk. Söngtextar og tónlist ásamt ýmsum verkefnum frá kennara. Kvikmyndir og þættir, s.s. Min søsters børn, Anja og Viktor og Mille. Einnig eru verkefni notuð frá vefsíðunni Danske diamanter, ásamt ýmsum leikjum og spilum.

Námsmat

Símat er yfir skólaárið þar sem ákveðnir þættir eru metnir hverju sinni. Lögð eru fyrir verkefni til að meta stöðu og kunnáttu nemenda. Frammistaða og virkni nemenda í tímum er metin sem og vinnubækur nemenda og glósur. Lokaeinkunn er gefin í lok annar þar sem allir þættir eru teknir inn í til að gefa eina heildareinkunn.

Heimavinna

Nemendur fá afhent áætlun í byrjun annar og geta fylgst með vikuáætluninni á Mentor. Nemendur þurfa taka ábyrgð á námi sínu og ef ekki næst að klára áætlun í tíma þá vinna nemendur heima fyrir. Einnig er í boði heimavinnuaðstoð í skólanum sem nemendur geta nýtt sér.

Tímafjöldi:

Kennt er tvisvar í viku 60 mínútur í senn.

Þemavantar

Íþróttir...vantar

Sund

8. bekkur

Hæfniviðmið

- Að nemendur þjálfist frekar í sundaðferðunum (bringu-, bak-, skrið-, björgunar-, flug- og skólabaksund) og geti nýtt sér sund sem eina tegund þolþjálfunar.
- Að nemendur skilji mikilvægi virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann og skilji mikilvægi góðrar ástundunar, sjálfsgætu, sjálfstæðra vinnubragða, samvinnu og tillitssemi í tengslum við góðan árangur í sundi,
- Að nemendur efli leikni, styrk og þol.
- Að nemendur öðlist jákvæða upplifun af sundiðkun svo þeir geti nýtt sér sund sér til heilsuþóttar í framtíðinni.
- Að nemendur þekki mismunandi tegundir leikreglna, farið eftir þeim og sýnt háttvísi í leik bæði í hóp og sem einstaklingur.
- Að nemendur geti notað hugtök sem tengjast sundiðkun.
- Að nemendur geti sett sér skammtíma- og langtímamarkmið í sundi og gert og framkvæmt eigin þjálfunaráætlun á grundvelli niðurstaðna prófa.
- Að nemendur geti tekið þátt í leikjum af margvíslegu tagi.
- Að nemendur geti tekið ákvarðanir á grundvelli öryggis- og umgengnisreglna, brugðist við óvæntum aðstæðum og bjargað sér í vatni og öðrum.

Kennsluhættir

Nemendum er stundum skipt á fjórar brautir ýmist eftir verkefnum, getu eða félagatengslum. Reynt er eftir fremsta megni að hafa tímana léttu, skemmtilega og fjölbreytta. Lögð er áhersla á kurteisi, góða hegðun, sjálfstæði og samvinnu. Sundið er kennt einu sinni í viku 40 mínútur í senn allt skólaárið.

Kennsluaðstaða/ áhöld

Sundið er kennt í 12,5 m innisundlaug í Sjálánda skóla. Þau áhöld sem notuð eru við kennslu eru: Sundflár, sundblöðkur, hringir, sundnúðlur, ýmsar tegundir bolta og ýmis önnur áhöld.

Námsmarkmið

Fyrir foreldraviðtöl á haustönn gera nemendur líðankönnun sem send er heim í mentor. Einkunnir eru settar inn í mentor jafnóðum og próf eru tekin en í desember (fyrir haustönn) og júní (fyrir vorönn) eru allar einkunnir prófa komnar inn. Eftirfarandi atriði sem varða hæfniviðmið í líkamsvitund, leikni og afkastagetu eru metin í 8. bekk:

- 400m þolsund - val aðferð
- 75m skriðsund
- 50m baksund
- 50m bringusund (67 sek)
- 25m skriðsund (30 sek)
- 25m flugsund
- 10x50m sund ýmsar aðferðir
- Marvaði (60 sek)
- Synda 8m kafsund og ná í hlut á 2m dýpi og endurtekið eftir 10 sek

Nemendur hafa lokið 8. sundstigi nái þeir öllum fyrrgreindum atriðum.

Eftirfarandi atriði sem varða félagslegapætti eru metin í 8. bekk og birt í lykilhæfni í mentor fyrir foreldraviðtal á vorönn:

- Samvinna
- Áhugi/virkni
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Framkoma/hegðun
- Fara eftir fyrirmælum

- Mæting

Heimavinna

Þeir sem þurfa meiri æfingu í sundi fá leiðbeiningar um það og boðið er upp á sund í vali fyrir þá sem eiga í erfiðleikum með sundið. Eins ef einhver vandamál eru þá er boðið upp á sérkennslutíma í sundi.